

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 14. nóvember 2024  
Mnr. 2024110087



ÍSAFJARÐARBÆR

## Minnisblað - Frístundastyrkir

### Styrkir til tómstundastarfs barna 6-16 ára í Ísafjarðarbæ

Eftirfarandi styrkir eru áætlaðir til tómstundastarfs barna í Ísafjarðarbæ árið 2025:

Íþróttaskóli	kr.14.397.626.-	Tekjur skólans kr.3.384.880
Akstursstyrkir	kr.800.000.-	
Afreksform	kr.900.000	
Tónlistarskólar	kr.187.623.156 (laun tónlistarkennara og skólastjórnenda)	
Frístundarúta	kr.8.606.652 (Ísafjörður – Bolungarvík- Ísafjörður)	

Íþróttaskólinn er fyrir öll börn í 1.-4. bekk grunnskóla í sveitarfélaginu en akstursstyrkir eru fyrir foreldra barna sem búa í Önundarfirði, Súgandafirði eða Dýrafirði og sækja íþróttæfingar eða tónlistarnám á Ísafirði. Afreksformið er ætlað börnum í 5.-10. bekk grunnskóla en erfiðlega hefur gengið að koma því í fastar skorður vegna skorts á þjálfurum.

### Frístundastyrkir í öðrum sveitarfélögum

Mörg sveitarfélög bjóða upp á frístundastyrki sem foreldrar barna í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi geta fengið til að niðurgreiða æfingagjöld. Oftast er styrknum ráðstafað í gegnum aðildarfélögin sjálf en ekki beint til foreldra. Útfærslan og upphæðir eru misjafnar eftir sveitarfélögum en hér má sjá samanburð á sveitarfélögum sem voru valin af handahófi:

	Upphæð	Aldur	Nýtingarhlutf all
<b>Akranes</b>	37.540-44.592*	6-18 ára	77%
<b>Vogar</b>	41.000	0-18 ára	55%
<b>Borgarbyggð</b>	40.000	0-18 ára	62%
<b>Garðabær</b>	55.000	5-18 ára	77%
<b>Hafnarfjörður</b>	57.000	5-18 ára	71%
<b>Mosfellsbær</b>	57.000-65.500*	5-18 ára	81%
<b>Skagafjörður</b>	40.000	5-17 ára	60%
<b>Akureyri</b>	50.000	6-17 ára	80%
<b>Fjallabyggð</b>	47.500	4-18 ára	80%

\*Fer eftir fjölda barna á heimili

### Kostnaðargreining á frístundastyrkjum í Ísafjarðarbæ

Fjöldi barna á grunnskólaaldri í Ísafjarðarbæ er um 490, þar af eru samtals 282 í 5.-10. bekk en það eru nemendur sem geta ekki sótt íþróttaskólann sökum aldurs. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu mörg börn sækja íþrótt- og tómstundastarf í Ísafjarðarbæ og því eru mismundandi forsendur notaðar til að áætla nýtingahlutfall frístundastyrkja:

Upphæð	Fjöldi	Samtals	60% nýting	70% nýting	80% nýting
40.000	282	11.280.000	6.768.000	7.896.000	9.024.000
45.000	282	12.690.000	7.614.000	8.883.000	10.152.000
50.000	282	14.100.000	8.460.000	9.870.000	11.280.000

Ef til stæði að Ísafjarðarbær veitti öllum börnum á grunnskólaaldri frístundastyrk væri kostnaðurinn eftirfarandi:

Upphæð	Fjöldi	Samtals	60% nýting	70% nýting	80% nýting
40.000	490	19.600.000	11.760.000	13.720.000	15.680.000
45.000	490	22.050.000	13.230.000	15.435.000	17.640.000
50.000	490	24.500.000	14.700.000	17.150.000	19.600.000

### Fjárhagslegur styrkur til tónlistarskóla

Skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr.75/1985 skulu fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra sem miðast kjarasamninga og rekstraráætlun sem báðir aðilar hafa komið sér saman um. Í Ísafjarðarbæ eru starfræktir tveir tónlistarskólar, Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar og Tónlistarskóli Ísafjarðar og greiði Ísafjarðarbær laun þeirra starfsmanna. Þó er styrkveitingin með mismunandi hætti.

### Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Við skólann starfa tveir kennarar sem kenna á píanó og söng. Skólastjóri sendir mánaðarlega reikning til Ísafjarðarbæjar fyrir launum og launatengdum gjöldum og sér svo sjálfur um að

greiða út launin. Ísafjarðarbær áætlar **kr.24.480.000** í styrk til Listaskóla Rögnavalda á árinu 2025. Skólinn innheimtir sjálfur skólagjöld og nýtir þau í starf skólans.

### **Tónlistarskóli Ísafjarðar**

Skólinn er rekinn af Tónlistarfélagi Ísafjarðar og greiðir Ísafjarðarbær fyrir 13,5 stöðugildi kennara og skólastjórnenda í skólanum. Ísafjarðarbær sér um allar launagreiðslur og eru starfsmenn skólans skráðir sem launþegar hjá sveitarfélaginu. Ísafjarðarbær áætlar **kr.163.143.156** í styrk til tónlistarskólans árið 2025. Skólinn innheimtir sjálfur skólagjöldin og nýtir þau til reksturs skólans, annað en launagreiðslur.

### **Styrkur Ísafjarðarbæjar til Héraðssambands Vestfirðinga**

Þann 20. desember 2023 undirrituðu Ísafjarðarbær og Héraðssamband Vestfirðinga (HSV) nýjan samstarfssamning sem gildir til loka árs 2027. Töluverðar breytingar voru gerðar í samninginum samanborið við þann sem var áður í gildi. Helstu breytingar voru:

- Staða framkvæmdastjóra HSV færðist yfir til Ísafjarðarbæjar og rekstrarstyrkur sveitarfélagsins til HSV lækkaði sem samsvaraði launagreiðslum og rekstri skrifstofu HSV. Starfið var auglýst og ráðinn inn íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Ísafjarðarbæjar.
- Íþróttaskóli HSV færðist yfir til Ísafjarðarbæjar ásamt stöðu yfirþjálfara.
- Ísafjarðarbær hefur undanfarin ár lagt til íbúðastyrk í formi afnota af fimm íbúðum Fasteigna Ísafjarðarbæjar. Þeim var úthlutað til 1. september 2024 þar sem sveitarfélagið áætlaði að selja íbúðirnar en þar sem það hefur ekki enn gerst vinnur umhverfis- og eignasvið að því að gera nýja leigusamninga við HSV. HSV sér áfram um að úthluta íbúðunum til aðildarfélaga HSV skv. eigin reglum.

Í áætlun 2025 fyrir deild 06820 Héraðssamband Vestfirðinga er gert ráð fyrir eftirfarandi kostnaði:

4111	Skólaakstur, akstur fatlaðra	8.606.652 kr. (frístundarúta með Holtahverfi)
4981	Mf. þjónustu rekstrareininga	1.146.840 kr. (millifærslur)
9911	Langtímaframlög	69.312.000 kr. (notkun íþróttamannvirkja)
9921	Önnur framlög	5.446.000 kr. (styrkir til íþróttafélaga)
9951	Styrkir nefnda	25.639.000 kr. (íbúðir, uppbyggingarsamningar)